

Kirkjuþing 2023-2024

2. mál – þskj. 2b

## Nefndarálit og breytingartillaga

við skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar og fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar

Frá fjárhagsnefnd.

Frsm. Arna Grétarsdóttir

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir tillögu að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024 og leggur til eina breytingu sem hljóðar svo:

*Sá hluti úthlutunarsjóðs er varðar kristnisjóðinn skal færa nær framlagi fyrra árs og hækka því úr 83milljónum í 98,3milljónir eða um 15,3milljónir.*

Ástæða þessarar breytingar á framlagðri tillögu fjárhagsáætlunar er að ekki þykir forsvaranlegt að skera niður hjá þeim sem minnst mega sín. Sá niðurskurður sem lagður var til hefði orðið til þess að framlag til kristilegra grasrótarsamtaka s.s. Hjálparstarfs kirkjunnar, Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar, HÍB o.fl. hefði verið skert verulega og rekstrargrundvöllur þeirra því mögulega í hættu. Engin stefna hefur verið sett af Kirkjuþingi sem kallar á þessa skerðingu.

Fjármögnun á þeim aukna hallarekstri sem lagður er til verður fundinn staður í sparnaði og hagræðingu í rekstri í samráði framkvæmdanefndar og rekstrarstofu. Þar ber sérstaklega að nefna að skoða þarf hvort fresta megi einskíptisaðgerðum sem áætlað er fyrir á árinu 2024 til ársins 2025. Þá hafa framkvæmdastjóri rekstrarstofu og fjárhagsnefnd sameiginlega sérstaklega horft til töluverðar hækkunar á milli ára á almennum rekstri á UT sviði og á fjármálasviði rekstrarstofu, sem skýrist helst af einskíptiskostnaði við uppfærslu tölvukerfa ásamt samningi um útvistun bókhaldsþjónustu. Fjárhagsnefnd ítrekar við rekstrarstofu að leita allra leiða til hagræðingar með því að leita tilboða og yfirfara alla verktakatengda samninga sem og samninga á UT sviði.

Fjárhagsnefnd lítur svo á að fylgjast þurfi vel með öllum útgjaldaliðum Kirkjuþings, bæði rekstri og launakostnaði og ítrekar mikilvægi þess að öllum málum sem lögð eru fyrir Kirkjuþing fylgi kostnaðaráætlun og að bær heimild sé fyrir öllum útgjöldum.

Nefndin lítur svo á að sú hagræðing sem farið var í á yfirstandandandi rekstrarári er varðar Tónskóla Þjóðkirkjunnar, þar sem staða söngmálastjóra og skólastjóra Tónskólans var færð til fyrra horfs og sameinuð úr 1,5 stöðugildi í 1 stöðugildi, sé hagræðing sem skili sér í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Því er beint til framkvæmdanefndar og rekstrarstofu að fylgjast vel með því að sú hagræðingaraðgerð skili sér.

Þar sem launakostnaður er eðli málsins samkvæmt stærsti hluti af heildarútgjöldum kirkjunnar bendir fjárhagsnefnd á mikilvægi þess að leitað verði alla leiða til að hagræða í öllu starfsmannahaldi og öllum rekstri, eins og gert hefur verið hin síðustu ár án þess þó að skerða mikilvæga grunnþjónustu eða ganga um of á starfsgleði starfsfólks.

Þá áréttar fjárhagsnefnd mikilvægi þess að komi til óvæntra útgjalda sem kalla á að ganga þurfi á 1% auka fjárheimild í fjárhagsáætlun þá verði kallað eftir samtali og samráði bæði við fjárhagsnefnd og framkvæmdanefnd eins og kostur er og kveðið er á um í starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar nr.13/2021-2022. Þá ítrekar fjárhagsnefnd að fjárhagsáætlun er ígildi ítrustu fjárheimildar.

Þá er og mikilvægt að horfa til þess þegar á árinu 2024 að vinna drög að 3ja til 5 ára fjárhagsáætlun.

Það er orðið brýnt að Þjóðkirkjan myndi varasjóð sem um getur í starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Árið 2022 setti kirkjuþing sér það markmið að ná jafnvægi í rekstri kirkjunnar á tveimur árum. (sjá samþykkt kirkjuþings 2021-2022; Nefndarálit um skýrslu um fjármál Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu). Með samstilltu átaki starfsfólks og kirkjuþings mun það markmið nást á árinu 2025. Fjárhagsnefnd áréttar mikilvægi þess að sameiginlegt markmið kirkjuþings, rekstrarstofu og biskupsstofu sé að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 verði lögð fram án rekstrarhalla og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 sýni fram á tekjuafgang svo hefja megi söfnun í varasjóð sem nemur a.m.k 15% af tekjuafgangi hvers rekstrarárs þar til sjóðurinn nær 25% af gagnjaldi ríkisins samkv. 3.gr. starfsreglna um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Fjárhagsnefnd leggur til tillaga að fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024 verði samþykkt með eftirfarandi

*breytingartillögu:*

Sá hluti úthlutunarsjóðs er varðar Kristnisjóðinn skal færa nær framlagi fyrra árs og hækkar því úr 83 milljónum í 98,3 milljónir eða um 15,3 milljónir.

Reykjavík, 16. nóvember 2023

*Fjárhagsnefnd*

Arna Grétarsdóttir

Árni Helgason

Einar Örn Björgvinsson

Einar Már Sigurðarson

Guðni Már Harðarson, varaformaður

Hildur Inga Rúnarsdóttir

Margrét Eggertsdóttir, formaður

Sigurður Grétar Sigurðsson

Steindór R. Haraldsson